

Samþykkt fyrir

Framfarasjóð Sveitarfélagsins Voga

Með vísan til ákvörðunar bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga á fundi sínum þann 2. júlí 2007 um sölu á hlutum sveitarfélagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf. setur bæjarstjórn eftirfarandi samþykkt um "Framfarasjóð" Sveitarfélagsins Voga.

1. gr. Heiti og heimili

Heiti sjóðsins er Framfarasjóður Sveitarfélagsins Voga. Heimili sjóðsins er að Iðndal 2 í Vogum.

2. gr. Tilgangur og markmið

Tilgangur sjóðsins er varsla og ávöxtun fjármuna af sölu eignarhluta sveitarfélagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Markmiðið er að raunvextir fjármuna sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir í rekstur og framkvæmdir sveitarfélagsins til þess að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Markmið sjóðsins er að tryggja honum sem besta ávöxtun miðað við tiltölulega hóflega áhættu og að stofnframlag skv. 3. gr. haldi verðgildi sínu til framtíðar.

3. gr. Stofnframlag

Stofnframlag sjóðsins er 1.256 milljónir króna á verðlagi miðað við 1. janúar 2008.

4. gr. Stjórn

Stjórn sjóðsins er í höndum bæjarráðs. Bæjarstjóri fer með daglegan rekstur sjóðsins og framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins í samræmi við ákvarðanir bæjarráðs.

Bæjarráð mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins og skal tryggja honum bestu mögulegu ávöxtun samkvæmt markmiðum í 2. gr.

5. gr. Ráðstöfun fjármuna

Raunávöxtun sjóðsins skal vera til ráðstöfunar fyrir sveitarfélagið og nýtt til rekstrar og framtíðaruppbyggingar sveitarfélagsins. Ákvarðanir um ráðstöfun raunávöxtunar eru teknar af bæjarstjórn við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Ákvörðun um að ganga á höfuðstól sjóðsins krefst tveggja umræðna í bæjarstjórn. Átta vikur skulu líða milli umræðna og skal síðari umræðu lokið áður en fyrri umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fer fram. Til að tillaga um að ganga á höfuðstól hljóti samþykki skal hún njóta stuðnings meirihluta bæjarstjórnar við báðar umræður í bæjarstjórn. Bæjarráð skal afla álits óháðra sérfræðinga á nauðsyn ráðstöfunarinnar til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins og skal það

álit kynnt bæjarfulltrúum og bæjarbúum með auglýsingu og á borgarafundi áður en síðari umræða um tillöguna fer fram.

6. gr. Ársreikningur, ársskýrsla o.fl.

Semja skal ársreikning fyrir sjóðinn, en sjóðurinn er sjálfstæð eining innan A-hluta sveitarsjóðs. Ársreikningurinn skal gerður í samræmi við viðurkenndar aðferðir við reikningsskil sveitarfélaga og skal endurspegla með skýrum hætti hver sé raunávöxtun sjóðsins.

Árlega skal bæjarráð gera ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag og starfsemi sjóðsins síðastliðið reikningsár og leggja fyrir bæjarstjórn með ársreikningi sveitarfélagsins.

Semja skal fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Fjárhagsáætlun sjóðsins og þriggja ára áætlun skal vera hluti af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma.

7. gr. Breytingar á samþykktinni.

Tillaga um breytingu á samþykkt þessari skal borin upp á bæjarstjórnarfundi. Skal breytingartillögu getið í fundarboði og dagskrá fundar. Um málsmeðferð tillögu um breytingu á samþykktinni gilda sömu skilyrði og fram koma í 5. gr. um ráðstöfun höfuðstóls.

8. gr. Gildistaka

Sjóðurinn hefur starfsemi 1. janúar 2008.

Samþykkt þessi öðlast gildi við afgreiðslu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga við tvær umræður, sbr. c-lið 21. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Samþykktin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og telst viðauki við samþykkt sveitarfélagsins um stjórn og fundarsköp.